

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2021 (107. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 27.09.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Kristinn Halldórsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Einar Jón Pálsson boðaði forföll.

1. Fálkavöllur 7 og Fálkavöllur 13 – breyting á deiliskipulagi

Eftir grenndarkynningu vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Fálkavöllur 7 og 13 bærast og voru lögð fram eftirfarandi gögn:

Erindi Sigþórs Kristins Skúlasonar f.h. Airport Associates, dags. 21. 09.2021, með ýmsum athugasemdum við skipulagstillöguna.

Erindi Isavia, dags. 24.08.2021, þar ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna.

Erindi Festis, dags. 01.09.2021, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna.

Erindi Skeljungs, dags. 30.08.2021, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna.

Erindi Isavia, dags. 24.09.2021, þar sem óskað er eftir að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fresti samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar. Ástæðan er að skýra þurfi afstöðu Isavia til mögulegrar bótaskyldu félagsins gagnvart lóðarhöfum Fálkavallar 7 og 13 þegar og ef til þess kemur að virkjað verður ákvæði gildandi aðalskipulags Keflavíkurflugvallar um að mannvirki á þessum slóðum séu víkjandi og byggingarnar verði fjarlægðar, einkum og sér í lagi þær byggingar sem kunna að verða reistar á grundvelli umræddra breytinga á deiliskipulagi lóðanna.

Skipulagsnefndin samþykkti að fresta afgreiðslu deiliskipulagsins.

2. Framkvæmdaleyfi fyrir akbraut samsíða Echo

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 03.09.2021, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar akbrautar samsíða núverandi akbraut Echo ásamt nýrri flýtirein RET10.

Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Með erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22.06.2020, kemur fram að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd akbrautarinnar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir gerð akbrautarinnar og flýtireinarinnar á rafrænan hátt milli funda vegna þess hve brýnt það var. Sú ákvörðun var staðfest á fundinum.

3. Breytt svæðamörk Keflavíkurflugvallar

Lögð var fram auglýsing utanríkisráðuneytisins, dags. 27. 08.2021, þar sem kynnt eru ný landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða og flugvallarsvæðisins (A svæðis). Öryggissvæðið minnkar og flugvallarsvæðið stækkar nokkurn veginn samsvarandi.

4. Kynning á vinnslutillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar

Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar sat fundinn undir þessum lið og kynnti vinnslutillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Meginástæðan fyrir endurskoðun aðalskipulagsins er fordæmalaus fjölgun íbúa bæjarins en árleg fjölgun hefur verið 6% að undanfögnu. Gert er ráð fyrir að árið 2035 verði íbúafjöldi bæjarins 35 þúsund manns.

5. Njarðvíkurhöfn. Breyting á aðal- og deiliskipulagi

Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar sat fundinn undir þessum lið og kynnti tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Njarðvíkurhöfn. Meðal framkvæmda sem koma til með að fylgja í kjölfar skipulagsbreytinga er bygging þurrkvíar, dýpkun hafnarinnar, brimvarnagarður, landfylling og viðlegukantur.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillögurnar, en minnir á skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar og ákvæði þar um hæðarkóta nærliggjandi bygginga við flugvöllinn.

Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 1. nóvember 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx